

1857.

25. apríl.

kirkjunnar á Eyjardalsá, og skal þá skipta andvirðinu eptir fyrirsögn biskups milli hinna fátækari kirkna í prófastsðæminu eða í amtinu, eða þá að biskup eptir kringumstæðunum skipti þeim milli þeirra, án þess að uppboð fram fari, móti kvittun þess eða þeirra, sem við taka.

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra frá, til þóknanlegrar vitundar og frekari ráðstöfunar.

30. apríl.

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um ýmsar ráðstafanir til að útrýma fjárkláðanum¹.

Í þóknanlegu bréfi 19. febrúar þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, skýrt ítarlegar frá fjárkláða þeim, sem upp er kominn í suður-umdæminu, og hafð þér um leið sent tvær auglýsingar², sem þér, samkvæmt bréfi stjórnarráðsins, dagsettu 23.

1) Sama dag ritaði dómsmálastjórnin bréf líks efnis til amtmannanna í vestur- og norður-umdæmunum.

2) Auglýsingar þær, sem hér er um getið, eru svo hljóðandi:

I.

Það fjárkláði sá, sem kominn er upp hér í landi, hefir því miður útbreitt svo mjög, að velferð alls landsins liggur við því, að honum sé útrýmt, hefi eg, eptir að hafa gjört þær ráðstafanir, sem eg áleit óumflýjanlegar til bráðabyrgða, skýrt löggæzlustjóranum frá málefniinu, og hefir hann ráðfært sig við dýralækningaráðið og fallizt á álit þess um málefnið yfirhöfuð, og þar næst skipað mér að haga framkvæmdunum í þessu efni samkvæmt því.

Það hlýtur að vera ljóst hverjum einum, að ekki tjáir í slíku málefni, sem varðar velferð alls landsins, að láta sérhverjum frjálst að fara eptir eigin hugþótta; því hljóta allir strengilega að fylgja reglum þeim, sem með þessu bréfi eru fyrirskipaðar, og varða afbrot gegn þeim sektum, eða eptir kringumstæðunum meiri hegningu.

Dýralæknir Teitur Finnbogason verður sendur til að ferðast um kring í amtinu, til þess að leita allra þeirra meðala, sem reynast mætti hentug til að útrýma sýkinni, og ber öllum að hlýðnast

desember f. á., hafið láta prenta um meðferð á fænaði þeim, sem sjúkur er af fjárkláðanum.

1857.
30. apríl.

Jafnvel þó menn ekki af þessari stuttu skýrslu geti gjört

því, sem hann í þeim tilgangi fyrirskipar; vona eg þess fastlega, að einn og sérhverr eptir ýrstru krúptum vili vera og muni verða honum hjálplegur til að framkvæma hinn vandasama starfa hans á fjótasta og auðveldasta hátt. Skal það vera skylda sýslumanna og hreppstjóra, ef á þarf að halda og þegar hann beiðist þess, að þvinga menn til að hlýðnast skipunum hans. Hið sama gildir og um skipanir þeirra manna, sem hann kys sér til meðhjálpar; en til að kjósa slíka meðhjálpara hefir hann fullan myndugleika, og má enginn skorast undan þeirri kosningu. Dýralæknirinn og meðhjálparar hans munu njóta þóknunar fyrir fyrirhöfn sína af jafnaðarsjóðnum; en fjáreigendur verða sjálfir að standa allan kostnað, sem leidir af hirðingu fjárens, lækningu og meðölum þeim, sem brúkuð verða til lækninga hinu sýkta sauðfé, eða því, sem grunað er um sýkingu.

En þar dýralæknirinn ekki getur á sama tíma eða strax sinnt þörfum allra, ber mönnum að fylgja reglum þeim, er hér skal greina, unz dýralæknirinn sjálfur í nærveru sinni hefir fyrirskipað þau meðöl, er við skal hafa.

Á tveimur eða þremur bæjum, þeim sem hentugast liggja í hverjum hreppi, skal gjöra láta tvö keröld, álnar há frá botni en $1\frac{1}{2}$ álnar að þvermáli, til að baða hið sjúka fé, svo þau sé við hendina, ef dýralækni virðist að þeirra sé þörf.

Allar sjúkar sauðkindur, eða þær, sem grunaðar eru um sýkingu, skal halda í húsi og við gjöf, stranglega aðskildar frá hinu heilbrigða fé, og skal með þær fara á þann hátt, er nú skal segja:

Þar menn af reynslunni mega vera orðnir sannfærðir um, að sýkin verður því verri viðureignar, því lengur sem það er dregið að leita henni lækningar, þá er það hverjum manni nauðsynlegt, að vera útbúinn með meðöl gegn henni strax sem hún sýnir sig, og eru hin helztu þessi:

1. Tak 8 parta af tjöru, 4 af bræddu smjöri og jafnmikið af pottösku, og blanda vel saman; eru þetta kláðasmyrsl.
2. Tak jafna parta af tjöru og grænsápu, og lát bráðna saman yfir eldi. Eður: tak jafna parta af tjöru og þráu (súru) smjöri, og lát bráðna sem áður er sagt. Hvortveggja þessara smyrsla nægja, ef kláðinn er ekki mjög magnaður; en sé hann það, má láta í smyrslin dupt af hvítri hnerrarót (*Nyserod*), therebintin-oliu, eða hjartarhorns-oliu, og sé þá tekið

1857. sèr skýra hugmynd um ástandið í þessu efni, og þar í henni
30. apríl. heldur ekki er getið um ráðstafanir þær, sem yfirvöldin í hinum
einstöku sýslum hafa gjört til þess að varna útbreiðslu fjárklád-

af hnerrarótinni sem svari 2 eða mest 3 lóðum í hvert pund af smyrslunum, og einn peli af therebintin- eða hjartarhorns-olíunni sömuleiðis í hvert pund smyrslanna. Þar sem þessi meðöl eru ekki við hendina, má og við hafa

3. Saltpétur, annaðhvort í þvottalög eða smyrslí. Sè saltpétur hafður í þvottalög, eru tekin 1—2 lóð af honum í hverja mörk af vatni, og með þeim legi vættir kláðastadirnir einusinni á dag, unz kláðinn batnar, og er þetta meðal hentugt við lömb, sem gefið er inni. Saltpétur-smyrslí eru þannig til búin, að eitt lóð af vel muldum saltpéttri er blandað í liðugt $\frac{1}{2}$ pund eða 20 lóð af grænsápu eða smjöri, og hrært vel saman.

Þar sem dýralæknir er við hendina og hefir umsjón með lækningunni, mundi *sublimat* í tóbaks- eða hnerrarótar-lög vera hið fljótasta meðal til að eyða kláðanum, einkum þar honum fylgir fellíús eða fjárlús; ekki má samt meira hafa af þessu meðali (*sublimati*) en 8—12 grön (byggkornshýngslí) í hverja mörk af legi, hvort heldur það er tóbaks- eða hnerrarótar-lögur; én legir eða seyði þessi tilbúast á þenna hátt:

4. Tóbakslögur: tak einn part af tóbaki mót tíu af vatni, og lát hlaupa suðu á.

5. Hnerrarótarlögur: tak einn part af hvítri hnerrarót mót 20 pörtum af sjóðandi vatni, og lát sjóða niður $\frac{1}{4}$ part.

Þyki dýralækni isjárvert að brúka *sublimat* sökum kulda, eður faist það eigi, má í þess stað brúka koparvitriól, og er þá nóg, ef látin eru 2 lóð af koparvitrióli í hverjar 3 merkur lagarins. Slíka legi með *sublimati* eða koparvitrióli ætti að brúka ívið volga, og alls ekki meira af þeim en svo, að kláðinn þornaði undan, og mun það nægja að hella þeim í kláðastadina svo að hreistrið blotni undir, þar kláðinn er. Eru þessir legir einkum vel fallnir meðan hinum almenna kláðalög ekki verður við komið vegna kuldans. Nú þó ætlandi sè, að framanskriðuð meðöl megi hrifa, ef rétt og með alúð er á haldið, skal þó hér enn nefna eitt meðal, sem auðvelt er að veita sèr og líkist í verkunum sínum hjartarhorns-olíunni, en það er

6. Sót. Það má brúka í lög og smyrslí þannig: Tak jafna parta að vigt af sóti, grænsápu og therebintin-olíu, hrær það vel saman, og eru það góð kláðasmyrslí.

ans frá þeim tíma að þær síðast skýrðuð frá þessu, þá er þó af henni að sjá, að kláðinn í einstöku h eruðum, einkum í Gullbringu og Árnass sýslum, hafi aukizt ekki alllítið, eins og hún líka ber

1857.

30. apríl.

Sótið má og brúka í þvottalegina, sem hér á undan eru nefndir, einkum úr tóbaki og hnerrarót. Reynandi væri og að taka sortulýngslög, láta í hann sót og þvo úr þessum legi kláðann.

Þó nú framanskriðu meðöl fyrst um sinn verði við höfð, er það þó álit þeirra, er til þekkja, að samt sem áður verði nauðsynlegt að baða allt sauðfé í vor er kemur, undireins og tíð og veðurátta leyfir, og ráða þá lækna til að viðhafa hinn svo nefnda walsiska kláðalög, sem er þannig tilbúinn:

Tak 4 merkur af nýbrenndu kalki eða 12 merkur af mjólkalki, og hell þar á svo miklu af vatni, að það verði sem leðju eða þunnur grautur, lát í leðju þessa 3 merkur af pottösku og hell þar á svo miklu af kúahlendi, að þunnur grautur verði, því næst sé látið í löginn 6 merkur af hjartarhornsolu og 3 merkur af hrátjöru, og nú þynnist allt með 100 mörkum af kúahlendi. Þegar búið er að hræra vel í þessu um hríð, þá skal það þynnt að nýju með 400 mörkum af vatni.

Þetta bað ætla menn nægilegt fyrir nokkur hundruð fjár, en margir ætla að baðið þurfi að brúka tvisvar eða þrisvar ef menn vilja vera óhultir, einkanlega ef fêð hefir orðið fyrir rigningum. Þess ber að gæta, að eigi komi lögur þessi í augu, eyru eða nasir skepnunum, og að helzt ber að velja sólskinsdaga til baðanna, svo að fêð þorni sem fyrst. Lög þenna má gjöra sterkari, en hér er tiltekið, á þann hátt, að menn taka tvöfalt meira kalk og þar til 2-3 pund af brennisteini í hvert bað, og er þá líkindi til að sjaldnar þurfi að baða.

Þegar óskilakindur fyrir koma í fêð þess manns, er lætur baða allt fêð sitt, þá skal einnig baða þessar kindur með, og ber hreppstjórum og þeim er dýralæknir kys til aðstoðar og umsjónar með lækningunum, að hafa gætur á, að þessu boði sé hlýðt.

Þær sauðkindur, sem eru svo yfirkomnar, að lækningartilraunir ekki vilja hrifa, ber að leggja frá.

Þegar að því kemur, að reka skal fêð til afrettar, verður þess vandlega að gæta, að engin skepna sé á fjall rekin frá þeim bæjum, hvar merki til sýkinnar hafa sézt á hinum seinustu 14 dögum; og eins og þeir, sem gegn þessu banni leitast við að koma sýktu fêð sínu til afrettar, skulu sæta ákæru og hegningu fyrir yfirtröðslu á þessu banni, þannig skulu sýslumenn og hreppstjórar hafa

1857. með sér, að dýralæknirinn hefir ekki getað gjört lækningatil-
30. apríl. raunir, bæði sökum þess að veturinn var svo harður, og sökum
þess að skortur var á þeim meðölum, sem á þurfti að halda.

strángt eptirlit á, að því verði hlýdt. Til að létta umsjónina um þetta skal fjallrekstur, að því leyti sem kláðinn verður á þeim tíma læknaður svo, að hann geti átt sér stað, framfara þannig, að ekki einstakir menn reki hverr fyrir sig, heldur heilir hreppar í sameiningu, og að sýslumaður og hreppstjórar, með tilhjálp annara áreiðanlegra manna, geti rannsakað heilbrigðis-ástand afréttar-fjárins. Vona eg, að sérhverr drenglundadur innbúi amts þessa að sjálfsdáðum og eptir ýtrasta megni aðstöði sýslumenn og hreppstjóra við þetta tækifæri. Afréttarbændum ber að hafa stöðugt eptirlit á, hvort sýkin sýnir sig á fê því, sem þegar er til af-
réttar komið, og skyldi svo vera, ber þeim tafarlaust að tjá það sýslumanni, sem þá hlýtur að prófa málið nákvæmar og fyrirskipa strax almennar gaungur, ef sýkin prófast að vera á afréttinum, og má þá ekki öðrum leyfast afrétturinn, en þeim hjörðum, hvar sýkin ekki sýnir sig í næstu 14 daga.

Allar sauðkindur, sem á seinustu 14 dögum hafa verið saman við kláðafê, eða hvar menn ekki eru vissir um hið gagnstæða, álitast tortryggilegar.

Af fjárhúsum þeim, sem nú eru, skal rífa þakið að vori komanda, sviða og tjarga úr þeim víðu alla, hreinsa tóptirnar fyrir sóttnæmi með því að svæla þar brennisteini, en sé hann ekki fáanlegur sem þarf, má bera hey á gólfíð og kveikja í, svo loginn standi upp jafnt veggjum. Tóptirnar sé því næst látnar standa opnar í sumar.

Með því sýkin er auðsjáanlega uppkomin af almennum orsökum, þá er nauðsyn á, að leggja alla alúð við hirðingu fjárins, stunda að hafa rúmgóð og hrein fjárhús, og vanda sem best fóður það, er skepnunum er gefið. Það er eins nauðsynlegt, að halda skepnunum hreinum og baða þær í sjó eða saltvatni, þegar því verður við komið.

Þess er enn fremur getandi, að með því hætt er við að kláð-
anum geti slegið inn, ef hann er magnaður, þá er það ráðlegt að brúka innvortis meðöl meðfram við þær kindur, sem þýngst eru haldnar; eru þar til best hreinsandi meðöl (laxer-meðöl), og þau, sem verka á hörundið, t. a. m. brennisteinn, blóðberg, malurt, einiber og einiseyði, eða kalamus-rót. Þegar lamb-ær eru baðaðar, þá má eigi leyfa lömbum að sjúga þær fyrri en búíð er að þvo júgríð í volgu vatni. Loksins ber að geta þess,

Um sama leyti bárust stjórnarráðinu nákvæmar skýrslur frá báðum hinum amtmönnum á Íslandi um ástandið í norður- og austur- og vestur-umdæminu, og bera þær með sér, að hinn

1857.
30. april.

að framanskriðuðum reglum ber strengilega að fylgja, ef að lækninga-tilraunirnar eiga að hafa þær verkanir, sem til er ætlað, og mega menn ekki láta fyrirhöfn og ómak vaxa í augum sér, þar sem jafnt er að ræða um velferð hvers einstaks manns, eins og um aðal-atvinnuveg alls landsins.

Íslands Stiptamthúsi, 13. Febr. 1857.

J. D. Trampe.

II.

Það vel má svo til bera, að meðöl þau, sem nefnd og ráðlögð eru í hinni almennu reglugjöf um lækningu fjárkláðans, verði í ýmsum tilfellum ónóg, þá er nauðsyn á að menn þeir, sem dýralæknirinn tekur til aðstoðar við lækningar sýkinnar, öðlist þekkingu á öðrum meðölum, sem ekki hefir þótt óhætt að fá alþýðu í hendur, sökum þess, að meðferð þeirra krefur hina mestu varúð og samvirkusemi, ef ekki skal verða tjón af, en eru að öðru leyti rétt brúkuð óbrigðult meðal við fjárkláðanum. Hið helsta af þesskonar meðölum er:

Arsenik, og brúkast móti kláðanum með ýmsu móti;

1. Einn partur af *arsenik* tekst með 32 þörtum af ölediki og 16 af vatni, og er þetta söðið í leirpotti unz *arsenikið* er braðnað, en þar næst er þessi lögur þynntur með tvöfalt svo miklu af vatni. Telst þá svo til, að í hverjum potti lagarins eru 2 kvintin af *arsenik*. Með þessum legi eru kláðastáðirnir þvegnir, unz kláðinn er horfinn.
2. 2 pund af *arsenik*, tekin með 20 pundum af *járnvictríóli*, og 188 mörkum af vatni, gefa lög, sem kláðafæð skal baða í að eins í 3 mínútur hverja skepnu, en aldrei meira en 5 mínútur mest. Þessi meðöl hafa verið brúkuð við 2000 kláðafjár, sem læknaðist að fullu.

Þetta svo nefnda *arsenik-járnbað* hefir líka verið brúkað við ær, sem komnar voru að burði, og læknað allt fê með því fljótt og vel; er ekki önnur lækningaraðferð talin fljótari né ódýrri, og mætti henni sérlega vel verða við komið þar, sem laugar eru í nánd, með því baðið er betra, ef það er volgt; en ekki skal hana við hafa, nema dýralæknir sé við staddur, eða hann hafi áður sýnt meðhjálpurum sínum hana, svo þeir séu henni kunnugir og til fullnustu æfir í henni; er þess að gæta, að lögurinn hvorki má koma í augu né eyru eða nasir skepnunni þegar hún er böðuð.

1857. skæði fjárkláði, sem síðan í fyrra haust hefir geisað á Suðurlandi, ekki hefir náð að komast til Norðurlandsins, og að sýki 30. apríl. sú, sem hefir látið sig í ljósi á einstöku stað í vestur-umdæminu, ekki hefir verið skæð eða illrar náttúru. Amtmaðurinn í vestur-umdæminu hefir einnig í bréfi 3. þ. m. skýrt frá því, að um leið og sýki sú á fænaði, sem hafði látið sig í ljósi á einstöku stað í vestur-umdæminu, einkum í Mýra og Hnappadals sýslu og í nokkrum hluta Snæfellsness og Dala sýslna, að mestu leyti væri horfin, hafi það borizt vestur, að fjárkláðinn hafi í Borgarfjarðar sýslu verið svo skæður og hættulegur, að á einstöku bæjum hafi drepizt annaðhvort allur sauðfænaður eða þá mestur hluti hans.

Báðir þessir embættismenn hafa auk þessa beðizt þess, að hið ýtrasta væri gjört til þess að verja samgaungum á afréttunum milli Suðurlandsins og Norður- og Vesturlands, og sést það, að skrifazt hefir verið á við herra stiptamtanninn um þetta efni. En amtmaður Havsteinn hefir þarhá látið þá meiningu í ljósi, að tilefni mundi vera til, að svo miklu leyti sýkin heldur áfram að geisa í suður-umdæminu, að gefa út tilskipun til bráðabyrgða, sem skipaði að skera niður allt kláðasjúkt fè.

Að sönnu álstur stjórnarráðið ísjárvert, einkum meðan menn ennþá ekki hafa vitneskju um árángur þann, sem lækningatilraunir dýralæknisins hafa haft, að taka til þess úrræðis sem amtmaðurinn í norður- og austur-umdæmunum hefir stúngið uppá, nefnilega að skera niður allt fè bæði kláðasjúkt og grunað, og það því heldur á þessum tíma ársins, þegar fè það, sem skorið væri, er lítils virði; með þessu væri einnig gengið lengra en tilskipun 12. maí 1772 leggur fyrir. Aptur á móti er það mjög árfæanda, að í tíma se gjörðar hinar hagkvæmstu ráðstafanir til þess að varna útbreiðslu sýkinnar, og til að koma í veg fyrir að fè úr kláðasjúkum hëruðum nái að eiga samgaungur á afréttum við fè úr hëruðum þeim, hvar sýkin ennþá ekki hefir sýnt sig.

Hið bezta meðal til þessa álstur stjórnarráðið það, að í hëruðum þeim, hvar hinn skæði fjárkláði hefir látið sig í ljósi, se mönnum algjörlega bannað að reka fè á fjall í sumar, en hverj-

1857.

30. apríl.

um bónda skipað að hafa nákvæma gæzlu á fænaði sínum, svo hann geti ekki átt samgaungur við annað fæ. Amtmaðurinn í vestur-umdæminu hefir þarhá skipað fyrir, að setja skuli í sumar verði upp með Hvítá, til þess að koma í veg fyrir að kláðasjúkt fæ úr Borgarfjarðar sýslu gæti komið í nánd við eða á afréttir Mýra- og Hnappadals sýslu, og hefir hann beðizt þess, að kostnað þann, sem af þessu rís, og sem hann telur að verða muni hærumbil 2000 rd., mætti fyrirfram greiða af eptirstöðvum þeim sem jafnaðarsjóður amtsins á hjá honum í geymslu, en það, sem á kynni að bresta, úr jarðabókarsjóðnum, móti endurgjaldi af amtsbúum eptir niðurjöfnuði. Nú þótt stjórnarráðið ekki vili hafa á móti þessari ráðstöfun, ef amtsbúar álíta hana tryggjandi eða hagkvæma, eptir því sem þar hagar til, nè heldur á móti því, að kostnaður sá, sem þetta leiðir af sér, verði til bráðabyrgða goldinn á þann hátt, sem amtmaður hefir stungið uppá, verð eg samt sem áður að láta þá meiníngu í ljósi, að varla mun hægt, þrátt fyrir þessháttar verði, að varna samgaungum á hinum stærri afréttum, einkum þeim sem Rángárvala og Árness sýslur hafa í sameiníngu við Norðurland.

Stjórnarráðið álitur nú hentugast, að allir amtmennirnir eigi fund með sér á þessu vori, ef mögulegt væri áður en fæ er rekið á fjall, til þess að allar hér að lútandi spurníngar geti nákvæmlega orðið íhugaðar, og svo menn geti gjört hinar hagkvæmstu ráðstafanir sameiginlega fyrir öll umdæmin; en þar menn mega álíta að Reykjavík sè hentugastur staður til þessa fundar, einkum þareð þar er hægst að útvega nauðsynlegar skýrslur um ásigkomulag sýkinnar, og um árángurinn af lækníngatilraunum dýralæknisins og meðhjálpara hans, hefir stjórnarráðið í dag ritað amtmönnunum í hinum umdæmunum, og skipað þeim sem fyrst verður að fara til þessa fundar. Skyldi að öðru leyti tíminn ekki leyfa, að fundur þessi eigi sér stað áður en vant er að reka fæ á afrétti, mun réttast að amtmaður til bráðabyrgða banni innbúum í hærudum þeim, hvar sýkin kynni að hafa látið á sér bera, að reka geldfè á afrétti fyr en nefndur fundur hafi ákvarðað um þetta efni.

Ef að öðru leyti raun mætti á verða, að gild ástæða sè

1857. til að óttast fyrir að reglur þær, sem þegar eru gefnar, verði
 30. apríl. ónógar til að útrýma sýkinni, vill dómsmálastjórnin hafa falið
 amtmönnum í sameiningu að semja frumvarp um hinar ítar-
 legri ráðstafanir, sem þörf er á til að hnekkja sýkinni, og mun
 þá sérílagi verða að yfirvega, hvort og að hve miklu leyti niður-
 skurður á hinu sýkta fê skuli eiga sér stað, sem og það atriði,
 hvernig kostnað þann, er af öllum hér að lútandi ráðstöfunum
 leiðir, ber að endurgjalda, og skal umgetið frumvarp af kon-
 úngsfulltrúa leggja fyrir alþingið á komanda sumri, getur það
 þá, ef alþing fellst á það og sérleg nauðsyn virðist til bera,
 samkvæmt tillögum alþingis öðlazzt gildi sem bráðabyrgðarlög,
 unz allrahæst staðfesting konúngs getur orðið því útvegð.

Loks verð eg að geta þess, að stjórnarráðið hefir tekið
 til yfirvegunar, hvort ekki ætti að senda einn eða fleiri dýralækna
 hêðan, til að lækna sýkina; en þareð yfirvöldin á Íslandi ekki
 hafa beiðzt þessa, og þareð sýkin nú sem stendur einúngis á
 sér stað í einstöku hêruðum í suður-umdæminu, en dýralækni
 þeim, sem þar er, er skipað að taka sér meðhjálpara og gjöra
 lækningatilraunir, og þar stjórnin, eins og áður er áminnt, ekki
 hefir vitneskju um þann árángur, sem tilraunir þessar kynni að
 hafa haft, hefir verið álitíð réttast ekki að gjöra nokkuð í því
 efni, fyr en menn fá frekari skýrslur og uppástúngur.

9. maí. **11. Brêf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og
 amtmannanna á Íslandi um að rita hafskip þau, sem
 eiga heima á Íslandi, í skipaskrár.**

Þareð skip þau, sem eiga heima á Íslandi, ekki eru rituð
 í skipaskrá, og þareð þessu ekki heldur að líkindum enn sem
 stendur verður komið við þar á landi svo vel fari, þá hefir
 aðaltollstjórnin vakið máls á því og dómsmálastjórnin tekið til
 yfirvegunar, hvernig hafa mætti tilsjón með því, að ekki sé
 látið hjá líða að borga gjald það, sem skipað er í 48. gr. til-
 skipunar 1. maí 1838 að gjalda skuli inn í ríkissjóðinn af skip-